

MATARHLÉ

Chilli Kjúklingasúpa - ekkert nema hollusta:

Þuríður Sigurðardóttir, félagsráðgjafi og verkefnastjóri PMT-foreldrafærni, býður lesendum Innanbæjarkrónikunnar til málsverðar að þessu sinni með töfrandi kjúklingasúpu og döðluköku í eftirrét. Hún skorar á Bergdís Ösp Bjarkadóttur forstöðukonu í Árholti að koma með næstu uppskrift.



Hráefni: Aðferð:

2 rauðlaukar/laukar
6 hvítlauksbátar pressaðir
1 – 2 rautt chilli skorðið í smáa bita
2 msk olía
2 dósir niðursoðnir tómatar
1 teningur kjúklingakrafftur + ½ lítri vatn (eða meira vatn ef súpan á að vera þunn)
1 lítri tomat-djús í femu eða ökologisk í Bónus í glerkrukku
1 dós Salsa sósa sykurlaus (Marichi, fæst í Bónus)
1 ½ teskeið chilli-duft
1 ½ teskeið cayenne-pípar
1 ½ teskeið paprikuduft
2 tsk. Worcester sósa
Salt og svartur pípar

Laukur skorinn og steiktur með hvítlaukunum og chilli í oliunni í stórum potti, allt sett út í nema kjúklingurinn. Látið malla í ca. ½ tíma. Smakkað til og svo má setja meira af einhverju kryddi eða hvítlauk. Bringur í bitum brúnaðar eða 1 grillaður kjúklingur tekinn af beinum og settur úti í ca ½ tíma í viðbót.

Ef vill má setja fullt af góðu niðurskornu grænmeti með síðustu 10 mín.: gulrætur, sellerírót, paprikur, spergilkál, blómkál, kartöflur ofl.
Eða sleppa kjúklingnum og gera þá finustu grænmetissúpu.

10 % Sýrður rjómi og rifinn ostur ómissandi með. Og gott brauð eða naco flögur.

Sykurlaus en mjög góð döðlukaka:

Hráefni: Aðferð:

4 stk þeyttar eggjahvítur
1 dl döðlumauk (döðlur soðnar í vatni og maukaðar eða saxaðar)
2 dl saxaðar döðlur
2 dl möndlukurl
2-3 bananar

¼ af eggjahvítunum er blandað vel saman við maukið, döðlurnar og möndlurnar með sleikju. Svo er restinni af eggjahvítunum blandað varlega saman við. Sett í vel smurt form og bakað við 170°C í 15-20 mín.

Þegar búið er að kæla botninn eru 3-4 bananar sneiddir ofan á hann og hjúpurinn settur yfir, en hann er lagaður með því að hita kókosmjólkina og bræða svo súkkulaðið í henni.

Verði ykkur að góðu!

GOTT AÐ VITA

Reglum um úthlutun úr Fjölskyldu- og styrktarsjóði BHM, BSRB og KÍ hefur verið breytt þannig að eftir 1. júní verða jafnháar greiðslur til fedra og mæðra úr sjóðnum.

Þeir starfsmenn eiga rétt í sjóðinn – jafnt feður sem mæður – sem eru innan vébanda BHM, BSRB og KÍ, eiga börn eftir 1. júní 2007, hafa verið starfandi hjá vinnuveitanda síðustu sex mánuði fyrir fæðingu barns og hafa gildan ráðningarsamning meðan á fæðingarorlofi stendur.

Um er að ræða eingreiðslu sem háð er starfshlutfalli og er það gert að skilyrði að umsækjandi taki að lágmarki þriggja mánaða fæðingarorlof.

Gert er ráð fyrir 1.050 umsóknum á ári og ef miðað er við þær forsendur kæmu styrkir til með að nema um 170.000 krónum til hvers einstaklings í fullu starfi.

Frekari upplýsingar um fæðingarorlof starfsmanna Akureyrarbæjar má finna í Starfsmannahandbókinni á www.akureyri.is undir liðnum Kjaramál.



Listasumar var sett í 15. sinn í Lystigarðinum miðvikudaginn 20. júní. Við það tækifæri var opnuð ljóðasýning um Jónas Hallgrímsson í garðinum og hér sjáum við Örnú Valsdóttur syngja ljóð listaskáldsins góða fyrir gesti og gangandi.



Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson

Ritnefnd: Fjöla Björk Jónsdóttir, Jón Birgir Gunnlaugsson,

Ragnar Hólm og Þórgnýr Dýrfjörð

Netfang: akureyri@akureyri.is

Hönnun og umbrot: Stíll - Prentun: Ásprént

Innanbæjar KRÓNÍKA

3. tbl. 2. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR Júlí 2007

VELKOMIN TIL STARFA

Fjöldi fólks á öllum aldri vinnur við sumarafleysingar hjá Akureyrarbæ og við að fegra bæinn okkar yfir sumartímann. Unglingar á aldrinum 14-16 ára eru um 500 í ýmsum störfum hjá bænum, hjá Framkvæmdamiðstöð og í Lystigarðinum starfa um 85 manns, um 50 eru í sumurvinnu skólafólks á aldrinum 17-25 ára og þar fyrir utan eru margir í sumarafleysingum á hinum ýmsu stofnunum bæjarins. Það má því reikna með að þarna sé um að ræða hóp sem slagar hátt í 1.000 manns.

Ritstjórn Innanbæjarkrónikunnar býður allt þetta fólk velkomið til starfa hjá Akureyrarbæ. Vonandi verður sumarið hlýtt og gott þannig að þeir sem vinna úti við að fegrun gatna og opinna svæða fái notið veðurblíðunnar sem Akureyri er fræg fyrir.



GAMLA MYNDIN



Ljósmynd: Haraldur Sigurgeirsson.

Myndagetraunin okkar, sem er unnin í góðri samvinnu við Minjasafnið á Akureyri. Núna förum við allnokkur ár aftur í tímann og spyrjum:

Fyrir hvaða húsi er verið að grafa á myndinni hér að ofan?

Sendið okkur svar sem fyrst á netfangið akureyri@akureyri.is. Í verðlaun fyrir rétt svar er 10 miða kort í Sundlaug Akureyrar.

Í síðasta tölublaði var birt mynd af gömlu húsi sem stóð við rætur Súlna í mynna Glerárdals og hét Skíðastaðir. Þónokkur svör bárust og var nafn Magnúsar Viðars Arnarssonar dregið úr innsendum lausnum. Það var einkennileg tilviljun því starfsbróðir hans í Slökkviliði Akureyrar, Ingimar Eydal, var dreginn út síðast! Slökkviliðsmenn eru því augljóslega áhugasamir um Innanbæjarkrónikuna og getraunina okkar. Magnús fær að launum 10 miða kort í Sundlaug Akureyrar.



Magnús Viðar Arnarsson, yfireldvarnarefirlitsmaður, var að vonum kátur þegar honum var afhent 10 miða kort í Sundlaug Akureyrar.

ALLIR ÚT Í EYJU!



Hrísey er hluti sveitarfélagsins Akureyrar og því kjörið fyrir bæjarbúa að skjótast út í þetta nýja „úthverfi“ þegar stund gefst milli stríða. Það er nóg við að vera í Hrísey. Eyjan sjálf er mikil náttúruperla og þar er til að mynda að finna þrjár merktar gönguleiðir við allra hæfi. Það er hverjum manni hollt að vera einn með sjálfum sér og hlusta á þögnina um leið og notið er náttúrufergurðar Eyjafjarðar.

Benda má fólk á að koma við í handverkshúsinu við bryggjuna til að skoða þar ýmsa muni, traktorsferðirnar með Aðalsteini Bergdal eru löngu landsfrægar og er hægt að panta ferðir hjá honum í síma 695 0077, minjasafnið Holt (í Ölduhúsi) er afar áhugavert, ekki síst fyrir áhugafólk um hannyrðir og sérstök sýning um Hákarla-Jörund verður opnuð í húsi hans sunnudaginn 8. júlí nk.

Þeir sem vilja gista í eyjunni og hafa þar lengri viðdvöl, eiga ýmsa kosti: Hægt er að fá mat og gistingu í Brekku en síminn þar er 466 1751, Siggína á Hæli býður svefnpokapláss og uppábuin rúm og er síminn hjá henni 898 6372. Ebba í síma 466 1740 leigir út hús sem heitir Akur og er við Lambhagaveg næst flugvellið og Guðrún í síma 692 3701 leigir út Jörundarhús. Alla þessa kosti má skoða ef fólk vill gera sér dagamun og njóta þess sem Hrísey hefur upp á að bjóða.

GRILL OG GAMAN Í HLÍÐ



Íbúar og starfsfólk Dvalarheimilisins Hlíðar gerðu sér gláðan dag á kvenréttindadaginn 19. júní. Þá var grillaður matur úti í garði og voru allir í sólskinsskapi, enda var blíðskaparveður. Allir reyndu að skryðast bleika litnum á einn eða annan hátt í tilefni dagsins og Ingimar Harðarson þandi harmonikkuna af mikilli list. „Þetta var mjög skemmtilegt hádegi hjá okkur,“ sagði Friðný Sigurðardóttir, þjónustustjóri Öldrunarheimila Akureyrar í viðtali við Innanbæjarkrónikuna. „Allir voru alsælir með þetta og ótrúlegt hvað við vorum heppin með veður. Við þurfum að fresta grilli síðasta sumar nokkrum sinnum og enduðum á að sitja norpandi í kulda af því að góða veðrið kom ekki þegar við vildum. Við stefnum á að grilla aftur þegar við fögnum verklokum í garðinum við nýbygginguna, vonandi verður það sem fyrst.“

HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Vilborg Ólafsdóttir er að læra leiklist við Listaháskóla Íslands en í sumar vinnur hún hjá Menningarmiðstöðinni í Listagili. Bládamanni Krónikunnar langaði að kynna henni örlítið nánar og lagði fyrir hana örfáar spurningar að hætti hússins.

Hvað ertu að gera? Ég er að vinna við Listasumar á Akureyri. Sit yfir sýningum, blogga á www.listasumar.blog.is, undirbý og geng frá eftir opnanir og tónleika og endalaust margt fleira.

Er gaman í vinnunni? Það er alveg yndislegt.

Hvaðan ertu? Ég er fædd í Reykjavík, bjó á Tálknafirði til sex ára aldurs og flutti þá norður í sæluna. Ég hef verið hér að mestu síðan þá.

Fjölskylduhagir? Ég er einhleyp og barnlaus.

Hver eru helstu áhugamál þín? Lestur góðra bóka, listáhorf og sköpun af ýmsu tagi og útivera.

Af hverju býrðu á Akureyri? Af því að hér er gott að vera. Margt gott fólk og mikið að gerast.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Eigin brestir, býst ég við.

Uppáhaldstónlist? Djúpraddaðar jazzsöngkonur heilla. Billie Holiday, Ella Fitzgerald, Nina Simone og Fiona Apple eru góðar.

Hvaða bók lastu síðast? Ég heiti Blíðfinnur, en þú mátt kalla mig Bóbó, eftir Þorvald Þorsteinsson.

Uppáhaldsmatur? Allt sem er eldað með hjartanu. Nema lifur.

Uppáhaldsdrykkur? Vatn.

Ef þú værir einráð á Akureyri í einn dag, hverju myndirðu breyta? Ég myndi gera Akureyri að samyrkjubúi og svo myndi ég eyða ævinni í að skrifa ritgerðir um af hverju það gekk ekki upp.